

LISTIR

Hrein form

MYNDLIST

Nýlistasafnið

LISTKYNNING
ÁSGERÐUR BÚADÓTTIR

Opið alla daga frá kl. 14-18. Lokað
mánudaga. Til 29. júní. Aðgangur
 ókeypis.


VEFLISTAKONAN Ásgerður Búadóttir er gestur Nýlistasafnsins þessa dagana og í því tilefni hafa verið hengdir upp fimm vefir á veggi Pallsins svonefnda. Auk þess gefst gestum kostur á að glugga nánar í listferil og viðhorf hennar á tveim myndböndum, loks liggur frammi mjög ítarleg skrá faglegra upplýsinga á fjórblöðungi ásamt sýningarskrám innlendum og erlendum.

Öll er kynningin hin skilvirkasta og myndböndin sem Halldór Björn Runólfsson og Hrafnhildur Schram eru ábyrg fyrir, frumflutt 1982 og 1994, drjúg og mikilsverð viðbót. En þar sem þau eru í góðri lengd, einkum hið síðarnefnda, væri æskilegra að eitthvað annað og nota-legra væri í boði undir sitjanda gesta en þessir framúrstefnustólar, þótt í sjálfu sér séu þeir athyglis-verðir, en þurfa traudla lengri kynningartíma en listaverkin. En vel að merkja þá standa þessar kynningar full stutt eins og raunar flestar sýningar á staðnum, telst engan veginn í samræmi við safn-heitið. Það er svo alveg rökrétt að kynna sitthvað úr íslenskri sjón-listasögu með þessum hætti, einkum vegna þess að það er hlutverk samtímalistasafns og ungir eru illu

heilli margir afar lítið inni í þróun-inni frá stríðslokum fram að „þeirra“ tíma.

Það er þannig ekki að ófyrir-synju, að verið er að kynna annars landsþekktu listamenn með þessum hætti á staðnum, auk þess að kynningin er sér á báti um góðan umbúnað, mikilsverðast er að það gerir starfsemi safnsins í senn virkari og sveigjanlegri. Ásgerður Búadóttir er einn af þekktustu og traustustu listamönnum tíma-skeiðs á sjötta áratugnum, er nokkrir þeir komu fram sem einna mest hefur kveðið að á listavettvangi fram til þessa, þótt misvirkir hafi verið á sýningavettvangi. Margir jafnframt um árabíl í forystusveit FÍM, er það starfaði af hvað mestum krafti. Þá nýtur hún heiðurslauna ríkisins. Námsferillinn lýsandi dæmi um listamann sem fer hægt af stað, en er sívirkur og frjór í sinni listsköpun. Þannig hóf Ásgerður nám við Handíða- og myndlistarskólann 1942 og var þar viðloðandi til 1946, er hún hélt til Kaupmannahafnar, og nam við listakademíuna til ársins 1950. Naut handleiðslu prófessors Vilhelms Lundströms, sem nú telst einn merkasti málari Dana á öld-inni. Fyrstu einkasýningu sína heldur hún á vinnustofu sinni árið 1962.

Þótt ekki sjáist bein áhrif frá lærimeistararum í verkum Ásgerðar, eru hin óbeinu þeim mun greinilegri, því Lundström var afar heill og traustur í sinni vinnu, formhugs-unin skýr og meitluð, aðdæun hans á sköpunarverki náttúrunnar og yfirburðum hennar ótvíræð. Sagði,



Morgunblaðið/Arnaldur

KYRRÐ, ull, hrosshár, 1993.

að það skipti litlu hvernig maðurinn bæri sig að í hugarheimi sínum, því hann væri jafnaðarlega bundinn fimm afmörkuðum skilningarvitum. Hugmyndaflug mannsins væri því afar takmarkað í samanburði við sjálfa náttúruna og þær mörgu furður er hún byði upp á. Hann sæi því enga ástæðu til að hunsna náttúruna né vanrækja. Þetta sagt af manni sem minnst gerði af því að mála landslag, en hafði afar næmt auga fyrir formrænu inntaki hluta í næsta umhverfi, og meðal þess sem hann leitaði iðulega til í samstillingar sínar, kyrralíf, var klósettrúllan, þ.e. sívalt og klassískt frumform hennar.

Auðvitað varð Ásgerður fyrir

áhrifum úr fleiri áttum, en mestu varðar að hún hefur brotið þau undir persónuleika sinn og þróað með sér afar sterk sérkenni svo myndir hennar eru auðþekkjanlegar í langri fjarlægð. Og það er einmitt hin djúpa virðing fyrir náttúrumögnunum sem er kennimark þeirra. Um leið bera þau hinni löngu akademísku skólun vitni, með grunnmálin í fyrirrúmi, sem veitt hefur henni drjúga yfirsýn og frelsi til svipmikilla verklegra at-hafna.

Afar gott dæmi um traust og heil vinnubrögð er myndin Kyrrð, sem fylgir þessum pistli og er gerð 1993.

Bragi Ásgeirsson

Útileikhús-ið Hér fyrir austan

FIMMTA sýningarsumar Útileikhússins Hér fyrir austan hófst á laugardaginn með dagskrá um samskipti Egilsstaðamanna og Héraðsbúa og á miðvikudaginn hefjast aðalsýningar Útileikhússins.

Í þetta skipti er aðalsýningin þrjúþætt: Kráarstemmningarverk eftir Seyðfirðinginn Halldór Vilhjálmsson, huldufólks saga sem að sögn gerðist í Skriðdal og var endurskrifuð fyrir svið af Snæfríði Ingadóttur, blaðamanni og tónlistardagskrá, sem er flutt af tríói frá Norðfirði. Tveir leikendanna koma frá Seyðisfirði og leikstjórinn keyr-ir frá Fáskrúðsfirði.

Snarl og glyrna

Dagskráin á laugardaginn hét Snarl og glyrna – orðlist alþýðu á Egilsstöðum og Héraði og segir í kynningu að glyrna sé mjólkur-dropinn sem menn bættu út á snarlið sitt í gamla daga.

Flytjendur koma víða af Héraði. M.a. verður aftur sunginn hinn skemmtilegi bragur um hvalrekann mikla (sem ekki var) eftir sr. Sigurjón í Kirkjubæ og rímur kveðnar af Páli Pálssyni úr Hrafnkelsdal. Nútímavísur fá að njóta sín og unglingadeild Leikfélags Fjötsdalshéraðs leggur fram sinn skerf. Ásmundur Þórarinnsson, Vífilsstöðum í Hróartungu, hefur skipulagt þessa sersýningu sem er í tilefni 50 ára afmælis Egilsstaðabæjar.

Fangar á ferð og flugi

KVIKMYNDIR

Bíoborgin, Bíóhöllin, Kringlubíó, Borgarbíó á Akureyri

FANGAFLUG „CONAIR“
★★★

Leikstjóri: Simon West. Framleiðandi: Jerry Bruckheimer. Aðalhlutverk: Nicholas Cage, John Cusack, John Malkovich, Colm Meaney, Steve Buschemi, Ving Rhames. Touchstone Pictures. 1997.

EINVALALIÐ leikara kemur fram í nýjustu hasarmynd framleiðandans Jerry Bruckheimers, Fangaflugi. Myndin fjallar um hóp hættulegustu fanga Bandaríkjanna, sem fluttir eru flugleiðis í nýtt öryggisfangelsi, en í 30.000 fetum taka þeir völdin í farinu og stefna í frelsið. Bruckheimer, frægur fyrir að gera hasaróperur eins og þessa í samvinnu við félagan sinn Don Simpson, sem nú er látinn, hefur fengið leikara á borð við Nicholas Cage, John Malkovich og John Cusack til þess að manna stöðurnar og þeir gera óneitanlega heilmikið fyrir skemmtigildi myndarinnar, sem er þó talsvert fyrir. Eins og við mátti búast er myndin einn gegnumgangandi hasar með úr hófi fram mæðarlegum inngangskafli og jafnvel enn væmnara lokastefi. Allt þar á milli er einhver hressilegasta flugferð sem farin hefur verið.

Leikstjórinn er nýr, Simon West að nafni, og honum auðnast að halda nafni Bruckheimers á lofti enn um hríð. Tekist hefur á undraverðan hátt að gera fangamynd sem er sambland af „The Dirty Dozen“ og „Airport ’73“ með dúndrandi rokk-

tónlist, hávaðasömum skotbardögum, eldsprengingum ógurlegum og hverju spennu- og áhættuatriðinu á fætur öðru samansaumum í ógnarhraðri frásögn. Aðferðafræði Bruckheimers kemur kannski hvergi betur fram en í Fangaflugi. Hann sér áhorfandanum fyrir slíku magni af áreiti að ekkert annað kemst að í huga hans en ytri spennu og glæisleiki vel hannaðra og fullkomlega heppnaðra hasaratriða. Ef hann reynir að kafa dýpra og ætlar að skoða fyrri tilfinningar persónanna, verður hann bara hlægilegur. Persónur hans þola enga smásjárskoðun. Þær eru pappafígúrur sem ýmist eru skotnar í tætlur eða sprengdar í loft upp og alls ekki skapaðar til annars.

Cage stendur sig vel innan þess ramma sem eini frjálsi fanginn um borð í vélinni. Hann er með eilífan sársaukasvip á andlitinu og er aðeins að húkka sér far á leið í frelsið búinn að sitja af sér átta ára fangelsisdóm fyrir að hafa drepið mann í sjálfsvörn. Hann er fyrrum hermaður og gerist bandamaður lögreglunnar á jörðu niðri þar sem John Cusack heldur um taumana með ágætum árangri. John Malkovich er foringi fanganna, margfaldur morðingi sem kallaður er Vírusinn. Malkovich fer einstaklega létt með að halda geggjínn sinni undir stjórni með kaldhæðnislegum dauðahumor. Ving Rhames er hægri hönd hans illúðlegur mjög og Steve Buschemi leikur einskonar Hannibal Lecter og er fullkomlega óskiljanleg persóna í myndinni.

Fangaflugið er sumarskemmtun og býsna skemmtileg sem slík. Henni er ekki ætlað annað en að skemmta áhorfandanum í tvo tíma og tekst það ætlunarverk sitt fullkomlega.

Arnaldur Indriðason

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar á eftirtöldum gjöldum: Staðgreiðslu og tryggingagjaldi til og með 5. tímabili með eindaga 15. júní 1997 og virðisaukaskatti til og með 16. tímabili með eindaga 5. júní 1997 og öðrum gjaldföllum álagningum og ógreiddum hækkunum er féllu í gjalddaga til og með 15. júní sl. á staðgreiðslu, tryggingagjaldi og virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, slysatryggingagjaldi ökumanna, föstu árgjaldi þungaskatts, þungaskatti skv. ökumælum, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabala, skemmtanaskatti og miðagjaldi, virðisaukaskatti af skemmtunum, tryggingagjaldi af skipshöfnum ásamt skráningargjöldum, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framléiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum og útflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og verðbótum á ógreitt útsvar, skipulagsgjaldi, skipagjaldi, fiskisjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi og álögðum opinberum gjöldum, sem eru:

tekjuskattur, útsvar, aðstöðugjald, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarnálagjald, þróunarsjóðsgjald, atvinnuleysistryggingagjald, kirkjugarðsgjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddur barnabótauki og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjármáms verður krafist án frekari fyrirvara fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda að þeim tíma liðnum.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjármámsgjald í ríkissjóð er allt að 10.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, tryggingagjald, vörugjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara.

Reykjavík, 25. júní 1997.

Gjaldheimtan í Reykjavík
Tollstjórnin í Reykjavík
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Neskaupstað
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvalsveili
Gjaldheimta Vestfjarða
Gjaldheimta Austurlands
Gjaldheimtan í Vestmannaeyjum